

Fundur í skólaráði Sunnulækjarskóla

48. fundur, haldinn 15. desember 2021, kl. 16:00

Mætt voru: Birgir Edwald skólastjóri, Anna Jónsdóttir fulltrúi kennara, Árdís Flóra Leifsdóttir fulltrúi kennara, Jódís Ásta Gísladóttir form. foreldrafélags, Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda, Helga Júlía Bjarnadóttir fulltrúi nemenda og Ólafur Unnarsson fulltrúi foreldra sem ritaði fundargerð. Birna Eik Benediktsdóttir og Kolbrún Björnsdóttir boðuðu forföll.

- 1. Kynning á meðlimum skólaráðs**
Nýir meðlimir boðnir velkomnir.
- 2. Hlutverk skólaráðs**
Farið var yfir hlutverk skólaráðs. Skólaráð hvetur foreldrafélag til að endurskoða 7. grein laga foreldrafélags um tilnefningu fulltrúa í skólaráð og heiti ráðsins.
- 3. Starfsáætlun Sunnulækjarskóla 2021-22**
Starfsáætlun skólans kynnt. Fram kom ábending um að bæta þyrfti við upplýsingum um ungmennaráðgjafa.
- 4. Sjálfsmatsskýrsla skólaársins 2020-21**
Sjálfsmatsskýrslan var kynnt og hún rædd. Fram kom að fjöldi nemenda við skólann setur starfinu ákveðnar takmarkanir.
- 5. Umbótaáætlun 2020-21 og greinargerð um stöðuna sl. vor**
Umbótaáætlun lögð fram og kynnt.
- 6. Væntanlegar breytingar á stjórnendateymi Sunnulækjarskóla**
Sagt var frá breytingum á stjórnendateymi skólans og að nýr skólastjóri sé væntanlegur.

Fundi slitið kl. 17:20
ÓU/bed